




Listasafn Íslands að Frikirkjuvegi 7 verður formlega opnað í dag. Húsið teiknaði Guðjón Samúelsson arkitekt og var Frikirkjuvegur 7 upphaflega íshús, sem reist var og rekið af íshúsfélaginu Herðubreið árið 1916. Síðar fékk húsið annað hlutverk, þegar þar var rekinn skemmtistaðurinn Glaumbær. Kjarni nýju safnbyggingarinnar er þetta íshús, sem snýr að Tjörninni. Við íshúsið var síðan byggð viðbygging, sem tengd er gamla húsinu með glerskála. Arkitekt nýju byggingarinnar er Garðar Halldórsson, húsameistari ríkisins; teiknaði hann húsið í samvinnu við byggingarnefnd hússins. Viðbyggingin er 1750 fermetrar, en gamla húsið er 850 fermetrar. Alls hefur Listasafn Íslands til umráða 2600 fermetra. Í safninu eru nú fjórir sýningarsalir, tveir í hvorri byggingu, kaffistofa, bókasafn, fyrirlestrasalur, geymslur, skrifstofur og annað bakrými. Í tilefni vígslunnar í dag verður opnuð sýning, sem tekur yfir alla fjóra salina: ALDARSPEGILL, íslensk myndlist í eigu safnsins 1900-1987.



Ljósmyndir: Lesbók/Árni Sæberg
Bera Nordal, forstöðumaður Listasafns Íslands. Myndin er tekin í nýju safnbyggingunni. Til hægri: Vefmynd eftir Ásgerði Esther Búadóttur.

Húsið mun valda straumhvörfum fyrir safnið

Í upphafi þessa máls er við hæfi að kynna viðmælandann, Beru Nordal, sem á síðastliðnu sumri var skipuð til eins árs forstöðumaður Listasafns Íslands að Selmu Jónsdóttur látinni. Þessi mannaskipti urðu á mestu tíma-

mótum í sögu safnsins, sem verið hefur til húsa Þjóðminjasafninu, en flytur formlega í dag í eigið hús.

Bera er fædd 1954 í Reykjavík, elzt sex barna Dóru Guðjónsdóttur og Jóhannesar Nordals. Hún varð stúdent frá MR 1974 og fór að því loknu til náms í fornleifa-


fræði í Lundi í Svíþjóð; þar þótti hagstætt að leggja stund á miðaldafornleifafræði, sem Bera hafði sérstakan áhuga á. Hún varð samt að hafa aðra námsgrein með og valdi listasögu. Fljótlega fór þó svo, að listasagan heillaði hana meira. Í háskólanum í Lundi var Bera í hálf fjórða ár og fil.kand.-ritgerðin hennar eru úr listasögunni og fjallar um enskar alabasturstöflur frá síðmiðöldum, sem varðveitt hafa á Íslandi. Þesskonar töflur eru yfirleitt með myndefni úr Nýjtestamentinu.

Að þessu loknu fór Bera í mastersnám í Courtauld Institute of Art í London og lauk því 1979. Eftir það var hún áfram í skólanum um tveggja ára skeið, þá með doktorsritgerð í vinnslu og er efni hennar íslensk lögbókarhandrit frá 14. öld. Þessi handrit eru með lýsingum og fjallar ritgerðin um þær. Ritgerðin er langt komin; ennþá er henni þó ólokið og eins og gefur að skilja hefur lítill tími unnizt til þess uppá síðkastið.


Bera er gift Sigurði Ármanni Snævarr hagfræðingi og þau eiga tvö börn, fimm og þriggja ára. Þegar starf móður og húsmóður kemur til viðbótar við álagið á safninu er ljóst að tómstundir verða hvorki margar né langvinnar. En hún kveðst hafa unun af tónlist og leikhúsi.

Bera var safninu allvel kunnug, þegar

Rætt við **BERU NORDAL**, sem nýlega hefur tekið við forstöðu í Listasafni Íslands. Hjá þessari 104 ára gömlu stofnun eru nú stærstu tímamót í sögu hennar: Safnið hefur verið flutt í eigið húsnæði við Tjörnina og verður formlega opnað í dag



Glerskálinn, sem tengir gamla og nýja hlutann. Þarna er inngangurinn í húsið.



Listasafn Íslands var stofnað með málverkagjöf Björns Bjarnarsonar til hjóðarinnar árið 1884. Það voru málverk eftir danska listamenn, þar á meðal þessi sveitalífsmynd frá 1884 eftir A. Askevold.

hún var skipuð til forstöðu þar. Á námsár-unum hafði hún verið þar í sumarvinnu og að náminu loknu 1981, réðist hún þangað sem safnvörður og fólst starf hennar m.a. í umsjón með heimildasafni og skráningu.

„Ég hef alltaf haft áhuga á og ánægju af miðaldalist, en einnig og ekki síður af nútímalist“, segir Bera í upphafi samtals okkar. „Frá barnæsku hef ég verið svo heppin að geta haft góða myndlist í kringum mig og ég hef notið þess. Þannig var það bæði heima hjá mér og hjá Sigurði afa; hann þekkti þessa eldri listamenn okkar vel og dáðist að góðum listaverkum. Ég er alin upp á mjög menningarlegu heimili þar sem bókmenntir og myndlist skiptu miklu máli. Mamma er lærður píanóleikari svo tónlistin var einnig heimilisföst hjá okkur. Þetta átti áreiðanlega sinn þátt í að móta mig.“

Öll góð myndlist heillar mig, hvort sem hún er frá fyrri öldum eða nútímalist. En einkum og sér í lagi höfðar abstraktlist til mín. Það er þó ekki skoðun, sem ég hef meðtekið síðan ég fór að vinna hér í Listasafninu; í aðalatriðum held ég að afstaða mín til listar hafi ekki breyst mikið síðan ég kom hingað fyrst. Ég tel samt, að það hljóti að gera mann víðsýnni að umgangast svo fjölbreytta list, sem er hér á safninu. Stundum falla einstakir listamenn í skuggann af einhverjum ástæðum, sem kannski er ómaklegt, en safnið getur þá átt sinn þátt í því að endurvekja áhuga á þeim, líkt og gerðist með Þórarini B. Þorlákssón, þegar safnið stóð að yfirlitssýningu á verkum hans 1967. Ég hafði lengi þekkt verk Þórarins og haft mætur á; ekki sízt vegna þess að afi átti Þingvallamynd eftir hann, sem ég leit oft á með aðdáun. Ég held að í seinni tíð hafi margir átt sig betur á því, hvað Þórarinn var góður listamaður.“



„Kannski er þetta spurning sem þú getur ekki svarað, en setjum svo að þú ættir að fara út í heim til að kynna íslenska myndlist og mættir aðeins taka með þér þrjár myndir úr Listasafni Íslands. Hverjar mundu verða fyrir valinu?“

„Þetta er vissulega erfið spurning, en ég held að ég geti samt svarað henni án þess að hugsa mig um lengi. Í fyrsta lagi mundi ég taka með mér Þingvallamynd Þórarins B. Þorlákssónar frá árinu 1900, í öðru lagi Íslandslag Svavars Guðnasonar frá 1944 og í þriðja lagi Fantasu eftir Kjarval frá 1940. Þetta eru allt myndir, sem ég gæti sýnt með stolti hvar sem væri.“

„Það hlýtur einnig að vera keppikefli að geta sýnt þetta listasafn okkar með stolti hverjum sem er; ekki aðeins húsið, heldur sjálft inntakið, listina í eigu safnsins.“

„Að sjálfsögðu. En listasafn hefur fleiri skyldur en hengja myndir á vegg. Hér gerist margt á bak við tjöldin, sem fáir vita um og álagið á safnið, eða öllu heldur starfsfólkið, fer sífellt vaxandi. Sjálfur flutningur safnsins úr Þjóðminjasafninu í nýja húsið hefur haft í för með sér mikið álag og langan vinnutíma.“

Rannsóknir við safnið, heimildasöfnun og



Húsnæðið í Þjóðminjasafninu kvatt. Myndirnar voru teknar seint á síðastliðnu hausti, þegar búið var að taka niður af veggjum öll verk safnsins. Stefán Halldórsson, starfsmaður í safninu, er þarna að undirbúa flutninginn.

skráningu eru ört vaxandi þættir í starfsemi safnsins. Einnig liggur mikil vinna bak við allar sýningar á vegum safnsins, einkum í undirbúningi. En þar fyrir utan þarf að sinna mörgu fólki, svara fyrirspurnum, finna myndir, t.d. vegna bókaútgáfu, sýna gestum safnið og síðan er töluverð áskókn í að fá myndir safnsins lánaðar á sýningar. Byrjað er að tölvuvæða skráninguna. Það er verkefni sem ég hafði með höndum, en ég hef lítið getað sinnt því undanfarið. En nú þegar safnið er komið á sinn stað, taka aðrir við og þetta verður drifið áfram. Ég held að þessi nýju húsakynni, sem eru sérstaklega aðlöguð að þörfum okkar, muni valda straumhvörfum fyrir alla starfsemi og uppbyggingu safnsins.“

„Tókstu við góðu búi eins og stjórnmálamennirnir segja?“

„Ég tók við góðu safni og starfsfólki. En það er víst á flestra vitordi, að búskapurinn hefur aldrei verið blómlegur hjá Listasafni Íslands og verður það ekki á meðan fjárveitingar eru alveg skornar við nögl. Á síðastliðnu ári komu 3 milljónir í hlut safnsins til listaverkakaupa í góðærinu og er til skammar, svo lítið er þetta þegar þess er gætt, hvað góð myndlist kostar. Í lögnum er auk þess ákvæði, að 10% af upphæðinni, eða 300 þúsund í þessu tilviki, skuli fara til kaupa á erlendum listaverkum. Engin regla er um það, hversu stór hluti skuli fara til kaupa á eldri list, en á ári hverju gerist það, að safninu eru boðin verk eftir

einhverja af brautryðjendum íslenzkrar myndlistar og þá getur verið numið þriðjungnum af allri fjárveitingunni. Á síðastliðnu ári gerðist það, að mynd eftir Svavar Guðnason fékkst á uppboði í Kaupmannahöfn fyrir rúma milljón króna. Ákveðið var þá að verja þriðjungnum af ráðstöfunarfé ársins til kaupa á þessari einu mynd og vissulega var það mjög stór biti að kyngja. Þetta var málverk frá 1941 og var hún mikill fengur fyrir safnið. En þar með voru aðeins 1800 þúsund krónur eftir til annarra innkaupa. Lengi hafði staðið til að gera afsteypu af „Fótboltamanninum“ eftir Sigurjón Ólafsson. Það var gert á síðastliðnu ári og kostaði mikið. Í þriðja lagi keypti safnið skúlptúr eftir Sigurð Guðmundsson myndlistarmann í Hollandi, sem hann hafði unnið í sænskan diabas og kostaði 490 þúsund. Og þá segir sig sjálf, að næsta lítið var eftir.“

„Svo enn sé komið að fjármálunum: Er sótt um ákveðna fjárhæð fyrir árið og þá gerð grein fyrir þeim verkefnum, sem safnið stendur frammi fyrir?“

„Eins og aðrar ríkisstofnanir skilar Listasafnið að sjálfsögðu inn tillögum um fjárförf sín á samt ítarlegri greinargerð um verkefni og rökstuðning fyrir kostnaði. Við förum til dæmis fram á 11,4 milljónir á fjárlögum 1988 til listaverkakaupa, en tillögur safnsins eru alltaf skornar niður í fjárlaga-gerðinni.“

Safnið fékk Glaumbæ í makaskiptum við Framsóknarflokkinn fyrir Austurstræti 12, en upphafið má rekja til þess, að 1959 skrifaði Kjarval Gylfa P. Gíslasyni þáverandi menntamálaráðherra og óskaði eftir því, að upphæð sem átti að fara í Kjarvalshús, yrði þess í stað notað til að stofna byggingarsjóð fyrir Listasafn Íslands. Nokkrum árum síðar hlaut safnið Austurstræti 12 í arf og gjöf frá Sesselju, Gunnari og Guðríði Stefánsbörnum. Síðar kom til sögunnar arfurinn frá Sigurliða Kristjánssyni (Silla) og Helgu konu hans. Það var 1980 og þá hófust framkvæmdir við nýbyggingu. Útliti hússins eins og það blasir við frá Tjörninni, hefur verið haldið, enda fer það vel þarna. Af einhverjum ástæðum hefur það farið framhjá mörgum, að þetta er eitt af þeim húsum, sem Guðjón Samúelsson teiknaði, en hins vegar er það misskilningur, sem stundum verður vart við, að þetta hafi upphaflega verið Nordalsishús, sem langafi minn reisti, en það mun raunar hafa verið milli Hafnarstrætis og Tryggvagötu.“

„Meðan ekki var vitað hver hrepti þennan stól, sem þú ert nú kominn í, sagði einn úr hópi listamanna einhversstaðar í blaði, að mælikvarðinn á góðan forstöðumann yrði hvernig honum tækist að kreista meira fé út úr fjárveitingavaldinu.“

„Jú, menn vita vel hvar kreppir að. Ég lofa engu, en það þarf að leita nýrra leiða

og þá í sambandi við einkageirann.“

„Þú sagðir að safn hefði fleiri skyldur en að hengja myndir á vegg og stundum er talað um lifandi söfn, sem hljóta þá að vera frábrugðin dauðum söfnum, ef eitthvað slíkt er til. En hvernig sérðu fyrir þér, að hægt verði að láta þessa stofnun standa undir nafni sem lifandi safn?“

„Ég hef umfram allt áhuga á að fólk komi í safnið og í öðru lagi vil ég að safnið sinni rannsóknar- útgáfu- og fræðsluskyldu sinni, til dæmis með fyrirlestrahaldi og myndbandasýningum. Einnig höfum við reynt að efla það sem miðstöð fyrir íslenzkar heimildir um myndlist. Sjálft húsið mun eiga sinn þátt í því, að það sem fram fer í safninu verður meira aðlaðandi; þar verður til dæmis kaffistofa. Einnig ætti það að hafa sína þýðingu, að nú er safnið komið í miðbæinn.“

Í húsinu eru fjórir sýningarsalir og í einum þeirra eða fleirum verður alltaf hægt að sjá úrval úr safninu og stundum verða verk úr safninu í öllum fjórum sölunum. Þó verður einn salurinn hafður hreyfanlegri og þá frekar notaður fyrir minni sérsýningar, eða temasyningar úr safninu.“

„Í erlendum söfnum má oft sjá stórar og merkilegar sýningar, sem fara milli borga, landa og jafnvel heimsálfa. Er ekki lítið svo á, að það sé hlutverk Listasafns Íslands að klófesta eitthvað af þesskonar farandsýn-

Listasafn Íslands:

Málverk í eigu safnsins

ingum, eða jafnvel að hafa frumkvæði að því að fá hingað eitthvað áhugavert úr söfn-um annarsstaðar?"

„Þetta er kannski ekki alveg eins auðvelt og halda mætti og fyrir okkur mun kostnaðurinn skipta mestu máli; þesskonar sýningar eru óhjákvæmilega mjög dýrar og munar mest um trygginga- og flutningskostnað. En það er rétt, að oft væri hægt að ná í sýningar, sem fluttar eru yfir Atlantshafið, en þá þarf að hafa vitneskju um slíkt með löngum fyrirvara, því sýningar eru oft skipulagðar mörg ár fram í tímann.

Ég vona að við getum náð í einhverja slíka á næstu árum. Og reyndar erum við þátttakendur í viðamikilli Norrænni konkr-etsýningu, sem er farandsýning um öll Norðurlönd. Hún var opnuð í Amos Anders-sons listasafninu í Helsinki í nóvember á síðasta ári en verður sýnd hér í safninu á Listahátíð í júní.“



Ásgrímur Jónsson:
Hekla, 1909. Út-
sýni af hæðunum
ofan við Hæl í
Gnúpverjahreppi.



Jón Stefánsson:
Sjómaður. Myndin
er ekki ársett.

„Hefur Listasafn Íslands kynningar- skyldu úti á landi á sama hátt og Sinfónían fer á ári hverju í tónleikaferðir út á land?“

„Safnið á samkvæmt lögunum að halda sýningar úti á landi, en það strandar oft á því, að yfirleitt vantar aðstöðu til að halda sýningar utan Reykjavíkur. Við leggjum mikla áherzlu á öryggi, því hér er verið með svo mikil og raunar ómetanleg verð- mæti í höndunum, að ekki er réttlætanlegt að taka óþarfa áhættu. Um aðra sýningar- staði en félagsheimili er naumast að ræða og þar er ekki gert ráð fyrir neinni sýningar- aðstöðu, en gluggar svo margir, að reisa yrði sérstaklega sýningarveggi til þess að hægt væri að halda boðlega sýningu og kostnaðurinn við slíkt er oft mikill. En ég hef vissulega áhuga á að senda sýningar út á land“


„Getur Listasafn Íslands neitað að taka við listaverkum að gjöf?“



Þingvallamynd Þorlákssonar frá 1900. Þessa mynd og hinar tvær, sem hér birt- ast innan rammans, valdi nýráðinn forstöðumað- ur safnsins sem sérstakar uppáhaldsmyndir. Sjá nánar í samtalinu við Beru Nordal.



Fantasía Kjarvals frá 1940.



Íslandslag Svavars Guðnasonar frá 1944.

„Já, safnið getur hafnað gjöf. Allar gjafir verða að fara fyrir safnráð, sem samþykkir eða hafnar og engar kvaðir mega fylgja. Safninu berast nokkuð oft gjafir og yfirleitt er gjöfin þegin. Þetta sýnir umhyggju og velvild, í garð safnsins sem ég tel mikils virði.“


„Finnst þér æskilegt eða jafnvel nauðsynlegt, að listamenn eigi sæti í safnráði?“

„Í safnráðinu hafa alltaf verið þrír myndlistarmenn, þar af einn myndhöggvari og samtök listamanna velja þá eftir vissum reglum. Ég get ekki kvartað yfir því fyrirkomulagi. Hið er svo annað mál, að það hlýtur oft að vera erfitt fyrir þá sjálfa; hér í fámenninu og kunningsskapnum er augljóst mál, að þeir verða hvað eftir annað að taka ákvarðanir, sem snerta kunningjana. Kannski væri æskilegast að einhverjir aðrir en listamenn gætu verið í safnráði. Ég vildi gjarnan að innkaup væru auk forstöðumanns í höndum listfræðinga á vegum safnsins að viðbættum einum utanaðkomandi, sem annaðhvort væri listamaður eða listfræðingur.“

„Ég hef raunar áður vakið máls á því í Lesbók, sem altalað er meðal listamanna, að klíkuskapur hafi ráðið of miklu um innkaup til safnsins á undanförmum áratugum. Í bókinni um safnið á 100 ára afmæli þess er þetta staðfest með yfirliti, þar sem fram kemur m.a. eftirfarandi: Safnið á 11 verk eftir Hafstein Austmann, 15 eftir Hörð Ágústsson, 19 eftir Valtý Pétursson, 19 eftir Kristján Davíðsson, 21 eftir Karl Kvar-



Gunnlaugur Scheving: Bátur á heimleið, 1966.




Þorvaldur Skúlason: Sveiflur, 1964-65.

an og 21 eftir Jóhannes Jóhannesson.

Ég hef ekkert nema gott um það að segja, að safnið eigi svo gott úrval eftir þessa menn, meðan það bitnar ekki á öðrum. En það versnar í því þegar eftirfarandi kemur einnig í ljós í afmælisbókinni: Safnið á aðeins 1 mynd eftir Flóka, 2 eftir Erró, 4 eftir Louisu Matthíasdóttur, 5 eftir Svein Björnsson, 3 eftir Elías B. Halldórsson, 6 eftir Jóhannes Geir, 1 eftir Baltasar, 5 eftir Barböru Árnason, 5 eftir Ragnheiði Jónsdóttur, 1 eftir Snorra Svein og 1 eftir Þórð Ben Sveinsson, sem er þar að auki gersamlega úr samhengi við allt annað, sem hann gerði. Mig grunar að æði margir myndlistarmenn lesi þetta samtal okkar til þess að fá svar við því, sem verið hefur áleitin spurning uppá síðkastið: Verður breyting á þessu með nýjum forstöðumanni?“

„Það hlýtur auðvitað að verða breyting þegar nýr forstöðumaður tekur við, en það þýðir ekki endilega að einmitt verk eftir fyrrnefnda listamenn verði keypt.“

„Annað sem þykir bera keim af geðþótta-stefnu er sú staðreynd, að safnið eignaðist 5 verk eftir Sverri Haraldsson frá árunum 1952-68 og 8 verk eftir Eirík Smith frá árunum 1952-75, eða meðan þeir báðir máluðu abstrakt. Eftir að þeir gerðu kapitlaskipti og fóru að mála figúratíft og stundum undir merki raunsæislistar, voru þeir settir út í kuldann og ekki ein einasta mynd keypt eftir þá af þeirri sortinni. Og þá er spurt: Hvað er því til réttlætningar, að svo brengluð mynd komi fram á Listasafni Íslands af lífsverki svo ágættra listamanna?“



Jóhannes S. Kjarval: Flugþrá, 1935-54.



Jón Engilberts: Ísland nr.5, 1964.

„Þegar valin eru verk til safnsins, þá er númer eitt að þetta séu góð verk, sem skipta máli fyrir safnið að eignast. Ef það hefur í för með sér að vissum stefnubreytingum hjá listamönnum sé hafnað, er skoðun mín

sú, að ekki eigi að kaupa verk eftir þá. Annars ætla ég ekki að gerast dómari yfir ákvörðunum fyrri safnráða né verkum þeirra listamanna, sem þú tiltekur.“

Sjá einnig bls. 14.

„Er eitthvert átak fyrirhugað til þess að stoppa í götin frá síðustu áratugum og útvega þó seint sé eitthvað af því sem vantar á safnið úr þróunarsögu myndlistar á Íslandi, til dæmis úr popplist og því sem tengist Súm og Nýlistasafninu?“

„Á þessu verður og er þegar orðin breyting. Safnráð hefur þegar byrjað að leita uppi, kaupa inn verk og leggja drög að öðrum. En það verður dýrt að stoppa í þessi göt og kemur niður á kaupum eftir unga og ef til vill upprennandi listamenn.“

„Þrátt fyrir augljósa galla á listaverkeign safnsins, fer hitt heldur ekki milli mála, að þar eru margar skínandi perlur. En svo við förum ögn út fyrir safnið og lítum á stöðu myndlistar almennt í landinu; hvernig finnst þér að við stöndum okkur á móti nágrannaþjóðunum til dæmis?“

„Mér finnst að við stöndum okkur vel; t.d. get ég ekki séð að við stöndum Svíum neitt að baki og ég segi það ekki út í bláinn, því ég þekki nokkuð til myndlistar í Svíþjóð. Norðmenn eru aftur á móti skæðari keppinautur eins og sakir standa; þeir eru í verulegri sókn. Mér er óhætt að segja, að það bezta sem til er á Listasafni Íslands er stórkostleg list, sem stæði sig hvar sem væri. Við eigum til dæmis mjög gott Kjarvalssafn, nema þá kannski frá síðustu árum málarans, ljósa tímabilinu. Við eigum líka geysilega gott Schevingssafn; það byggist að stærstum hluta á dánargjöf Gunnlaugs Schevings. Frá og með formlegri opnun safnsins í þessum nýju húsakynnum yfirtekur Listasafn Íslands Ásgrímssafn og þar með er vel séð fyrir hlut Ásgríms. Við eigum aftur á móti mjög lítið eftir Ásmund Sveinsson. Hann sat sjálfur lengi í safnráðinu og mátti aldrei heyra á það minnst, að safnið keypti verk af honum. Fleiri listamenn hafa tekið þessa afstöðu á meðan þeir sátu í safnráðinu; þeim fannst óviðeigandi að keypt væri af þeim á meðan.“

„Eins og við höfum minnst á áður, er þín sérfræði miðaldalist. Hvernig lítur þú á þennan arf okkar?“

„Mér finnst við ekki hafa sýnt honum nægilega ræktarsemi og það á bæði við um handritálýsingar og kirkjulist. Þetta er miklu merkilegri arfur og miklu betri list en margir halda. Stundum eru lýsingarnar eftir skrifarann sjálfan, en í öðrum tilvikum hefur áreiðanlega einhver annar teiknað, til dæmis í Skarðsbók og Stjórn AM 227. Teiknibókin er einungis með myndum, einskonar hugmyndabanki eða fyrirmyndabók og það er merkilegt, að við skulum eiga slíka bók. Mér finnst nokkuð sérstakt yfir-



Midhluti hússins. Í glerskálunum, sem tengir salina eru gólf klædd marmara.



Karla Kristjánsdóttir, deildarstjóri. Myndin er tekin á skrifstofu hennar í Þjóðminjasafninu áður en flutt var.



Bera Nordal á skrifstofunni í Þjóðminjasafninu, þegar flutningar stóðu sem hæst.

bragð yfir íslenskum handritálýsingum; kannski eru þær frumstæðari og ólíku saman að jafna, þegar sumar erlendar lýsingar eru skoðaðar. Þar unnu oft margir menn að einni og sömu mynd; einn gerði til dæmis aðeins laufblöð.“


„Það hefur samt verið á takmörkum að þetta hafi verið talið til myndlistar.“

„Það er rétt; íslensk myndlist er yfirleitt talin hefjast um síðustu aldamót. Þessir lýsingameistarar litu ekki á sig sem listamenn, enda var það ekki til sem hugtak á þeim tíma. Hugtakið listamaður verður fyrst til með Endurreisninni.

Mér finnst að íslensk myndlist hefjist á miðöldum; þá á ég einnig við skúlptúr og veflist. Miðaldir hafa fengið á sig mjög svartan stimpil, sem er ósanngjarnt þegar málið er skoðað betur og nú finnst mér að meðal fræðimanna sé að verða breyting á þessu viðhorfi.“

„Að lokum langar mig til að koma að myndmenntun þjóðarinnar, sem margir álíta að sé í hróplegu ósamræmi við þann fjölda myndlistarsýninga til dæmis, sem hér er haldinn árlega.“

„Það er víst ekki hægt að neita því, að illa gengur að myndmennta þjóðina, þrátt fyrir verulega kynningu, sem myndlist fær í blöðum. Ég tel að þessi fræðsla þurfi að byrja strax í grunnskólunum. Bæði í Bretlandi og Frakklandi er myndlistarsaga kennd í skólum og farið með börnin í söfnin í þessu augnamiði og það eru sérstakir kennarar, sem gera það. Nú er reyndar farið að koma með börn hingað í safnið og því sinnir starfsmaður, sem er myndlistarmenntaður. Það er alveg klárt, að ræktunin þarf að byrja snemma, ekki sízt á þessum myndbanda- og sjónvarpstímum. Ríkissjónvarpið hefur staðið sig illa að þessu leyti sem ákjósanlegur myndmiðill. Þar sést sáralítið af kynningu og fræðslu um myndlist, enda þótt hægt sé að fá þætti um þetta efni, sem framleiddir eru í stríðum straumum erlendis.“




Inngangurinn í safnið, glerskálinn og safnhlutarnir tveir sinn hvorum megin. Myndin er að vísu prentuð í svörtu og hvítu, en litmynd hefði engu breytt, því hér örlar ekki nokkursstaðar á lit.




Séð yfir einn sýningarsalinn. Allir fjórir salirnir eru innbyrðis ólíkir.



Úr sölum safnsins: Talið frá vinstri: Tvö verk eftir Jóhannes Jóhannesson, eitt eftir Hörð Ágústsson og tvö eftir Kristján Davíðsson.



Portret Sigurjóns Ólafssonar af Ásgrími Jónssyni (t.v.) og Sigurði Nordal.



Málverk eftir Kristínu Jónsdóttur og skúlptúr eftir Ásmund Sveinsson.



Talið frá vinstri: Verk eftir Snorra Arinbjarnar, Nínu Tryggvadóttur og Jón Engilberts.